# Kynning á uppgjöri 3. ársfjórðungs 2015

Eggert Kristófersson, forstjóri

30. október 2015

# HELSTU NIÐURSTÖÐUR

3. ársfjórðungur 2015

EBITDA
1.110 m.kr.

Handbært fé
3.388 m.kr.

EBITDA /Framlegð
36,9%

Eiginfjárhlutfall
40,1%

Veltuhraði birgða
14,06

Arðsemi eigin fjár
9M
20,7%


Fjárhagsleg afkoma

# REKSTURINN Á 3F 2015

## Rekstrarreikningur á 3F 2015

**Helstu atriði:**

- Óhagstæð verðþróun á heimsmarkaði með olíu
- Selt magn án JET eykst um 13,9% á milli 3F 2015 og 2F 2014
- Launakostnaður er lægri á 3F 2015 samanborið við 3F 2014 en kostnaðarauki í tengslum við nýgerða kjarasamninga er hærri en gert var ráð fyrir í rekstraráætlun félagsins
- Meðalstöðugildi 7,6% færri 2F 2015 en á sama tímabili 2014
- Sölu- og dreifingarkostnaður hækkar um 15,8% í takt við aukið magn og hækkun á verðskrá Olíudreifingar
- Annar rekstrarkostnaður lækkar um 4,4% á milli 3F 2014 og 3F 2015
- EBITDA/Framlegð 36,9% en var 40,6% á 3F 2014

| *Þúsundir króna* | *3F 2015* | *3F 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| **Rekstrarreikningur** | | | | |
| Framlegð af vörusölu | 3.004.997 | 3.082.660 | -77.663 | -2,5% |
| Aðrar rekstrartekjur | 87.874 | 88.682 | -808 | -0,9% |
| Laun og annar starfsmannakostnaður | -910.690 | -929.634 | -18.944 | -2,0% |
| Sölu- og dreifingarkostnaður | -723.880 | -625.346 | 98.534 | 15,8% |
| Annar rekstrarkostnaður | -348.258 | -364.236 | -15.978 | -4,4% |
| EBITDA | 1.110.043 | 1.252.126 | -142.083 | -11,3% |
| **Lykiltölur** | | | | |
| EBITDA/framlegð | 36,9% | 40,6% | -3,7% | -9,1% |
| Laun/framlegð | 30,3% | 30,2% | 0,1% | 0,5% |
| Hagnaður á hlut | 1,57 | 0,94 | 0,63 | 67,0% |

| | *8M 2015* | *8M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| Markaðshlutdeild án JET * | 37,8% | 37,4% | 0,36% | 0,96% |
| Markaðshlutdeild bensín | 32,3% | 31,6% | 0,76% | 2,41% |

** JET stendur fyrir flugvélaeldsneyti*

# ÞRÓUN Á OLÍUVERÐI OG USD/ISK




Heimild : Seðlabanki Íslands og Platt's

**Þróun á 3F 2015:**

- Bensín 95 lækkar um 31% og er munur á hæsta og lægsta verði 34%
- Dísilolía lækkar um 19% og er munur á hæsta og lægsta verði 26%
- USD lækkar um 4% gagnvart ISK og er munur á hæsta og lægsta gengi 7%

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## EIGNIR Í LOK TÍMABILS

### Helstu atriði:

- Dregið hefur úr fjárbindingu í birgðum og viðskiptakröfum vegna lægra olíuverðs þrátt fyrir magnaukningu á milli ára
- Félagið var með meira magn í birgðum á 3F 2015 vegna aukinna umsvifa
- Veltuhraði birgða 14,06 3F 2015 samanborið við 14,72 3F 2014*
- Aðrar skammtímakröfur eru að mestu fyrirframgreiddar birgðir og kostnaður og inneign hjá hinu opinbera.

### Eignahlið efnahagsreiknings

| *Þúsundir króna* | *9M 2015* | *9M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| **Efnahagsreikningur** | | | | |
| Óefnislegar eignir | 322.460 | 366.667 | -44.207 | -12,1% |
| Rekstrarfjármunir | 9.147.706 | 9.500.279 | -352.573 | -3,7% |
| Eign í félögum | 1.606.502 | 1.724.034 | -117.532 | -6,8% |
| Aðrar eignir | 70.767 | 15.594 | 55.173 | 353,8% |
| **Fastafjármunir alls** | 11.147.435 | 11.606.574 | -459.139 | -4,0% |
| | | | | |
| Birgðir | 3.307.925 | 3.739.193 | -431.268 | -11,5% |
| Viðskiptakröfur | 3.445.832 | 4.627.421 | -1.181.589 | -25,5% |
| Kröfur á tengda aðila | 56.800 | 56.488 | 312 | 0,6% |
| Rekstrarfjármunir til sölu | 0 | 948.142 | -948.142 | -100,0% |
| Aðrar skammtímakröfur | 934.575 | 1.307.364 | -372.789 | -28,5% |
| Handbært fé | 3.387.500 | 6.233.096 | -2.845.596 | -45,7% |
| **Veltufjármunir alls** | 11.132.632 | 16.911.704 | -5.779.072 | -34,2% |
| | | | | |
| **Eignir alls** | 22.280.067 | 28.518.278 | -6.238.211 | -21,9% |

* Veltuhraði birgða er kostnaðarverð seldra vara sem hlutfall af meðalstöðu birgða í birtum uppgjörum: KSV / (Birgðir 1.7.2015 + Birgðir 30.9.2015)/2

# EFNAHAGSREIKNINGUR

## SKULDIR Í LOK TÍMABILS

### Helstu atriði:

- Efnahagsreikningur félagins minnkar vegna lækkunar hlutafjár og lægra olíuverðs
- Eiginfjárhlutfall er 40,1% en var 52,0% í lok september 2014
- Vaxtaberandi skuldir eru samtals 6.370 m.kr. og nettó vaxtaberandi skuldir voru 3.019 m.kr. í lok september 2015*
- Hærri vaxtaberandi skuldir eru hluti af stefnu félagins um eiginfjárstýringu
- Arðsemi eiginfjár var 20,7% á fyrstu 9 mánuðum 2015 í samanburði við 12,5% á sama tímabili árið á undan

### Skuldahlið efnahagsreiknings

| *Þúsundir króna* | *9M 2015* | *9M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| **Efnahagsreikningur** | | | | |
| Hlutafé | 470.000 | 1.000.000 | -530.000 | -53,0% |
| Yfirverðsreikningur hlutafjár | 5.576.750 | 11.865.427 | -6.288.677 | -53,0% |
| Lögbundinn varasjóður | 250.000 | 250.000 | 0 | 0,0% |
| Endurmatsreikningur | 370.158 | 391.523 | -21.365 | -5,5% |
| Þýðingarmunur | -79.937 | -44.826 | -35.111 | 78,3% |
| Óráðstafað eigið fé | 2.342.663 | 1.368.684 | 973.979 | 71,2% |
| **Eigið fé** | 8.929.634 | 14.830.808 | -5.901.174 | -39,8% |
| | | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 6.370.000 | 6.300.000 | 70.000 | 1,1% |
| Tekjuskattsskuldbinding | 275.497 | 100.656 | 174.841 | 173,7% |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 188.820 | 219.031 | -30.211 | -13,8% |
| **Langtímaskuldir** | 6.834.317 | 6.619.687 | 214.630 | 3,2% |
| | | | | |
| Tekjuskattur til greiðslu | 454.153 | 153.760 | 300.393 | 195,4% |
| Aðrar skuldir við hið opinbera | 3.848.593 | 4.444.250 | -595.657 | -13,4% |
| Skuldir við lánastofnanir | 0 | 350.000 | -350.000 | -100,0% |
| Viðskiptaskuldir | 1.334.352 | 1.284.425 | 49.927 | 3,9% |
| Skuldir við tengda aðila | 249.501 | 205.693 | 43.808 | 21,3% |
| Fyrirfram innheimtar tekjur | 225.935 | 256.293 | -30.358 | -11,8% |
| Aðrar skammtímaskuldir | 403.582 | 373.362 | 30.220 | 8,1% |
| **Skammtímaskuldir alls** | 6.516.116 | 7.067.783 | -551.667 | -7,8% |
| | | | | |
| **Skuldir og eigið fé alls** | 22.280.067 | 28.518.278 | -6.238.211 | -21,9% |

* Nettó vaxtaberandi skuldir = Vaxtaberandi skuldir + áfallnir vextir – handbært fé

# SJÓÐSTREYMI

## Helstu atriði:

- Fjárfestingar ársins 2015 eru áætlaðar um 400 m.kr.
- Gjaldfært viðhald rekstrarfjármuna var 241 m.kr. á 9M 2015 samanborið við 252 m.kr. á 9M 2014
- Fjármögnunarhreyfingar eru 2.030 m.kr. hærri á á fyrstu 9 mánuðum 2015 vegna lækkunar á hlutafé

## Sjóðstreymi

| *Þúsundir króna* | *9M 2015* | *9M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| **Sjóðstreymi** | | | | |
| Handbært fé frá rekstri | 3.370.059 | 2.730.038 | 640.021 | 23,4% |
| Fjárfestingahreyfingar | -283.467 | -220.529 | -62.938 | 28,5% |
| Fjármögnunarhreyfingar | -4.351.751 | -2.321.265 | -2.030.486 | 87,5% |
| Breyting á handbæru fé | -1.265.159 | 188.244 | -1.453.403 | -772,1% |
| Gengismunur af handbæru | 23.559 | 25.438 | -1.879 | -7,4% |
| Handbært fé í lok tímabils | 3.387.500 | 6.233.096 | -2.845.596 | -45,7% |

| *Þúsundir króna* | *9M 2015* | *9M 2014* | *Breyt.* | *% Breyt.* |
|---|---|---|---|---|
| Viðhaldskostnaður | 240.933 | 252.486 | -11.553 | -4,6% |



# Staða og horfur

# STAÐA OG HORFUR

### Afkomuspá ársins 2015

- EBITDA spá fyrir árið 2015 er **2.900 – 3.000** m.kr.
  - **Forsendur:**
- Gert er ráð fyrir stöðugu olíuverði á heimsmarkaði
- Miðað við að gengi USD/ISK verði í kringum 128

### Þróun olíuverðs á Q4 2015




### Lækkun hlutafjár

- Boðað verður til hluthafafundar 20. nóvember 2015
- Lagt verður til við hluthafafund að lækka hlutafé um 120 m.kr.
- Hluthöfum verður þá greitt út í desember 1.544 m.kr
- Þetta er í samræmi við stefnu félagsins um fjármagnsskipan

### Icelandair

- Icelandair hefur tilkynnt N1 að þeir hafi ákveðið að semja við annan eldsneytisbirgja á Keflavíkurflugvelli
- Rekstrartekjur af viðskiptum við Icelandair á fyrstu 9 mánuðum ársins voru um 9.200 m.kr.
- Áhrif þessarra viðskipta á EBITDA félagsins á fyrstu 9 mánuðum árins voru óveruleg
- Samningur N1 við Icelandair er til 31.12.2015


N1
Takk fyrir
N1 BORGARNES

# FYRIRVARAR

- Allar upplýsingar í kynningunni byggja á heimildum sem N1 hf. telur áreiðanlegar við birtingu hennar, en ekki er hægt að tryggja að þær séu óskeikular.
- Allar upplýsingar í kynningunni eru í eigu N1 hf. Ekki er heimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt upplýsingum úr kynningunni, hvorki að hluta til né í heild.
- Þessi kynning er aðeins hugsuð til upplýsingagjafar en ekki sem hluti af eða grunnur fyrir ákvarðanatöku viðtakenda. Viðtakendum ber ekki að túlka upplýsingar í kynningu þessari sem loforð eða leiðbeiningar. N1 hf. ber ekki að veita viðtakendum kynningar þessarar frekari upplýsingar um félagið eða gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.
- Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem geta haft þau áhrif að raunverulegur árangur í framtíðinni verði umtalsvert frábrugðinn því sem greint er frá í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við gengi gjaldmiðla, heimsmarkaðsverð á eldsneyti, framboð á fjármagni, gildistöku nýrra laga og áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru.
- N1 hf. tekur fram að viðtakendur kynningarinnar eiga ekki að treysta á staðhæfingar í henni í framtíðinni þar sem þær eiga eingöngu við á útgáfudegi kynningarinnar. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.
- Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.